

Nd.

234. Frumvarp til laga

[118. mál]

um breyting á lögum nr. 89 29. des. 1953, um löggilta endurskoðendur.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

a. 6. töluliður 1. gr. laganna falli niður.

b. Aftan við 1. gr. komi ný málsgrein, svofelld:

Heimilt er að synja manni um löggildingu, ef ákvæði 2. málgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt sambliða frv. á þskj. 217, um breytingu á almennum hegningarlögum, enda stendur það í nánnum tengslum við það frv.

Í frv. þessu er lagt til, að ákvæðunum um skilyrði þess að öðlast löggildingu til endurskoðendastarfa sé breytt.

Hér er fjallað um sérhæfð réttindi. Þykir rétt að kveða svo á um þau, að heimilt sé að synja þeim manni um réttindi þessi, er hlotið hefur refsídóm, ef hinn refsiverði verknáður þykir bera vott um verulega hættu á því, að maður muni misfara með réttindi. Verður stjórnvald að meta það hverju sinni, hver tengsl eru hér milli refsíðoms, sem maður hefur sætt, og þeirra réttinda, sem hann sækir um. Hafa ber í huga í þessu sambandi, hve langt er umliðið síðan refsídómur gekk og hegðun manns upp frá því, og sömuleiðis ber að taka tillit til þess, hvort réttindi, er refsídómur lýtur að, hafa verið endurveitt í einhverri mynd.

Að öðru leyti þykir mega vísa til greinargerðar fyrir ofangreindu frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, þar sem reifuð eru helztu sjónarmið, er liggja til grundvallar endurskoðun þeirri, er hegningarlaganefnd hefur nú framkvæmt á lagaákvæðunum um ýmis atvinnuréttindi.